

Fréttabréf

Hestamannafélagsins

Skugga



Kosning stjórnar og nefnda, á aðalfundi Skugga, 10. mars 2009

Stjórn:

Stefán Logi Haraldsson, form.
Marteinn Valdimarsson, varaf.
Guðbjörg Ásmundsdóttir, ritari
Margrét Grétarsdóttir, meðstj.

Varastjórn:

Halldór Sigurðsson
Sæmundur Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Helga Björk Þorsteinsdóttir
Ingi Tryggvason

Barna- og unglínganefnd:

Sigrún K. Halldórsdóttir, form.
Þórhildur Sch Thorsteinsson
Bjarki Þór Gunnarsson
Monika Kimpfler
Halldóra Jónasdóttir

Móta-, valla- og

fræðslunefnd:

Halldór Sigurðsson, form.
Helgi Helgason
Sigurbjörg Sigmundsdóttir
Helga Björk Þorsteinsdóttir
Birgir Andrésón
Reynir Magnússon
Þór Fannberg Gunnarsson

Ferðanefnd:

Grettir B. Guðmundsson, form.
Þorsteinn Eyþórsson
Björgvin Sigursteinsson
Kristján Þ. Gíslason
María R. Eyþórsdóttir

Skemmtinefnd:

Sigurður Arilíusson, form.
Þorlákur Magnús Hansen
Níelsson
Auður Ásta Þorsteinsdóttir
Ragnheiður S. Hjörleifsdóttir
Birgir Andrésón
Reynir Magnússon

Steinunn Árnadóttir

Jóhann Hólmur Ragnarsson

Firmanefnd:

Bragi Þór Svavarsson, form.
Jenny Lind Egilsdóttir
María Erla Geirsdóttir
Samúel Halldórsson

Arnar Már Gíslason

Umhverfisnefnd:

Þorsteinn Eyþórsson, form.
Jökull Helgason
Guðmundur Árnason
Sigmundur Halldórsson
Sigurður Oddsson

Reiðveganefnd:

Benedikt Línal, form.
Marteinn Valdimarsson
Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir
Bjarni H. Johansen

Guðmundur Guðsteinsson

Rafmagnsnefnd:

Rúnar Karl Jónsson, form.
Lilja Ósk Ólafsdóttir
Guðmundur A. Arason

Húsnefnd Félagsheimilis

Arnar Már Gíslason, form.
Bjarni Guðjónsson
Guðjón Guðlaugsson
Jón Kristinn Kristjánsson
Guðjón Árnason

Beitarnefnd:

Ólafur Þorgeirsson, form.
Andrés Jóhannsson
Sævar Þórisson
Sigurður Örn Sigurðsson
Sæmundur Jónsson

Laganefnd:

Stefán Logi Haraldsson, form.
Ámundi Sigurðsson
Jón Þór Jónsson

Kynbótanefnd:

Halldór Sigurðsson, form.
Óskar Sverrisson
Þorvaldur Jósefsson
Jökull Helgason
Þór Fannberg Gunnarsson

Uppstillingarnefnd:

Stjórn Skugga.

Þetta helst...

- > Stjórn og nefndir kosin á aðalfundi 10. mars s.l.
- > Ósk til félagsmanna um hluta-fjár aukningu í reiðhöllinni
- > Skyndihjálparnámskeið 06. og 07. maí, n.k.
- > Reiðnámskeið hefst 04. maí n.k., kennari Sigrún Halldórs
- > Firmakeppni 01. maí n.k.
- > Fjáröflunardansleikur Skugga og Faxa, 01. maí n.k., v/ reiðhallar
- > Fjölskyldureiðtúrar 26. apríl og 21. maí, n.k.
- > ÁG-mót Faxa, á Mið-Fossum, 02. maí n.k.
- > Stóðhestar á vegum Hrossaræktarsamb. Vesturl.
- > Keppnisfyrirkomulag á Fjárðungsmóti 2009

Fjármögnun reiðhallarinnar

Fjármögnun reiðhallarinnar er ekki lokið og sýnt þykir að nokkuð vanti enn uppá að endar nái saman. Hluthafar reiðhallarinnar þurfa að einbeita sér að því á næstunni að klára þá fjármögnun með einhverjum hætti. Á aðalfundi Skugga, þann 10. mars sl. var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að ganga til samninga um stofnun hlutfélags um rekstur reiðhallarinnar en að því hlutfélagi munu aðeins standa Faxi og Skuggi, þar sem aðrir hluthafar í Reiðhöllin Vindási ehf vilja ekki koma að beinum rekstri mannvirkisins. Rekstrarfélag þetta verður væntanlega stofnað á næstu dögum. Rekstrarfélagið geri leigu-samninga og sjái um rekstur. Á fundi Skugga, Faxa og Hrossaræktarsambands Vesturlands var ákveðið að hvert félag fyrir sig færi þess á leit við sína félagsmenn hvort þeir væru tilbúnir að koma að hlutfjár aukningu, t.d. á þann hátt að hver félagsmaður leggi fram eitt til fimm þúsund krónur (má vera meira), til viðbótarhlutfjárkaupa viðkomandi félags í reiðhöllinni. Stjórn Skugga leggur því þessa ósk hér með fyrir sína félagsmenn og hefur stofnað reikning þar sem hægt er að leggja þessa fjármuni inn. Reikningsnúmerið er: 1103-15-200660, kt. 481079-0399. Það fjármagn sem kemur inná þennan reikning verður einungis notað í hlutfjárkaup í reiðhöllinni. Vonast félögin til að geta með þessum hætti og öðrum fjármagnað um 1,0 millj. króna á félag, eða samtals 3,0 millj. króna. / SLH

Fréttir frá nefndum:

Frá Barna-og unglínganefnd	2
Frá Húsnefnd Félagsheimilis	2
Frá Firmanefnd	2
Frá Móta- valla- og fræðslunefnd	2
Frá Reiðveganefnd	3
Frá Beitarnefnd	3
Frá Kynbótanefnd	3
Frá Umhverfisnefnd	3

Frá Barna- og unglinganefnd:

Árshátíð

Árshátíð barna og unglunga í hestamannafélögum á Vesturlandi var haldin 28.mars sl. í Félagsheimili Skugga. Krakkarnir borðuðu gómsætan kjúkling frá Gæðakokkum, hvert félag kom með skemmtiatriði og síðan var sameinast í nokkra dans- leiki þar á eftir. Mjög góð mæting var frá okkar félagi eða um 25 börn en þátttakan var heldur dræmari frá hinum félögum. Þessi hátíð heppnaðist nokkuð vel en þetta var frumraun sem vonandi verður að árvissum viðburði hér eftir.

Reiðtúr og Pizzakvöld

Föstudaginn 24.apríl nk. var farið í sameiginlegan reiðtúr fyrir unglunga- og ungmenni félagsins. Miðað var við aldurinn 12 – 21 árs. Lagt var af stað kl.17:00 frá Félagsheimilinu, riðið upp í Einkunnir og til baka. Þegar heim var komið var boðið upp á rjúkandi pizzur og ískalt gos. Nefndin hélt síðan stuttan fund þar á eftir með mannskapnum og var þetta fyrst og fremst kjörið tækifæri til að hittast í góðum reiðtúr og hafa gaman saman. Þátttaka var nokkuð góð í þessum reiðtúr, eða 17 ungmenni. Nefndin þakkar góða þátttöku.

Fjölskyldureiðtúrar:

1. Við ætlum að sameinast, ungir sem aldnir, í fjölskyldu-reiðtúr sunnudaginn 26.apríl nk. Lagt verður af stað kl. 14:00 og riðið sem leið liggur upp í Einkunnir og til baka. Í Félagsheimilinu verða síðan seldar kaffi- og kökuveitingar á afar vægu verði en andvirði þeirra rennur í Barna- og unglinganefnd félagsins.

2. Þá er einnig stefnt að því að sameinast í öðrum fjölskyldu-reiðtúr fimmtudaginn 21. maí, nk. (uppstigningardag). Lagt verður af stað kl. 14:00 og riðið sem leið liggur upp að Skilkletti og til baka. Við Félagsheimilið höldum við svo grillparty gegn vægu gjaldi og rennur andvirðið einnig í Barna- og unglinganefnd félagsins.

Fjölmennum öll og eigum góða daga saman.
/SKH

Frá húsnefnd félagsheimilis:

Frá því að húsnefnd var skipuð af stjórn hafa verið haldnir nokkrir vinnufundir þar sem húsið var þrifið og tekið til, neðrihluti salar málaður, sem og gólf á karlaklósetti lakkað, gólfdukur hreinsaður upp og bónaður og er nú alveg eins og nýr. Keyptir voru nýjir plastdúkar á borð.

Næsta verkefni sem húsnefndin hefur ákveðið að fara í, nú á vordögum er að helluleggja stétt meðfram húsinu, og laga bílastæðaplan við norðurenda hússins.

Útleiga á húsinu hefur gengið vel, en þar sem meiri lagfæringa er þörf, t.d. að kominn er tími á salernis- og eldhúsaðstöðu o.fl. hefur húsnefndin því sett upp nýja gjaldskrá þ.e kr. 25.000,- pr. sólarhring og fyrir félagsmenn kr. 15.000,- pr. sólarhring. Þeir sem hafa áhuga á að leigja félagsheimilið þurfa að sækja um það til húsnefndarinnar.

Einnig vill húsnefndin biðja þær nefndir sem halda sína fundi í húsinu að láta húsnefndina vita svo fundir og aðrar upptökur skarist ekki. /AMG

Frá Firmanefnd:

Hestamannafélagið Skuggi mun halda hina árlegu Firmakeppni Skugga þann 1. maí 2009. Skuggi fer þess á leit við einstaklinga og fyrirtæki á starfssvæðinu að styrkja okkar starf með kaupum á styrktarlínu. Hestamannafélagið Skuggi stendur fyrir blómlegu starfi sem dæmi má nefna ferðir og upptökur fyrir börn og fullorðna, lagningu reiðvega á félagssvæðinu, námskeiðahaldi og fræðslustarfi ásamt mörgu öðru. Skuggi eftirlætur það þeim sem styrkja hversu háa upphæð þeir leggja til, það er okkur kappmál að fá sem flesta til að sýna stuðning í verki. Með von um góðar undirtektir. Firmanefnd Skugga.

Bragi Þór Svavarsson, form.

Frá Móta- valla- og fræðslunefnd:

Mótahald:

Firmakeppni félagsins verður haldin 1. maí nk. og hefst kl. 14:00. Keppt verður í polla-, barna-, unglunga-, kvenna- og karlaflokki.

Íþróttamót félagsins, sem halda átti 9. maí nk., fellur niður en í stað þess er fyrirhugað að halda sérstakt tölmtót í reiðskemmumni, fimmtudaginn 14. maí, nk., kl. 20:00. Skráning fer fram á staðnum.

Gæðingamót félagsins verður síðan haldið laugardaginn 23. maí nk. og hefst kl. 10:00. Mótið er jafnframt úrtaka fyrir Fjórðungsmót, sem haldið verður á Kaldármelum, í byrjun júlí nk. Nánar um skráningu og tímasetningar síðar.

Fræðslumál:

Reiðnámskeið er fyrirhugað í maí og hefst 4. maí nk. Reiðkennari verður Sigrún K. Halldórsdóttir. Námskeiðið er fyrir börn, unglunga og konur. Karlarnir verða að biða þetta vorið. Kenndir verða 8 tímar og er kostnaður kr. 14.000 pr. mann. Félagið greiðir niður gjöld fyrir börnin. Upplýsingar um námskeiðið og skráningu skal skila til Sigrúnar í síma: 898 7086 eða 555 4959.

Grípum nú tækifærið og tökum þátt!

/HS

Frá reiðveganefnd:

Á næstu dögum veður ráðist í að leggja nokkur ræsi í reiðveginn, sem lagður var í haust.

Í framhaldi af því er ráðgert að valtra hringinn á milli ræsanna á Hamarslæknum, þegar leiðin hefur náð að þorna nokkuð. Vonir standa til að þetta muni gera þessa leið verulega betri og skemmtilegri.

Ekki liggur enn fyrir hversu miklar framkvæmdir geta orðið í reiðvegagerð á árinu, þar sem úthlutun reiðvegafjár er ekki lokið, en það mun vera að styttest í úthlutun þessa dagana.

Eins og fram kemur annars staðar í þessu fréttabréfi er gert ráð fyrir að félagsmenn sameinist um hreinsunarátak í hverfinu á næstu dögum. Það er von reiðveganefndar að það verði fjölmennur og öflugur hópur sem mætir og að hægt verði að fá einhvern hluta hans til að gera svoltið átak í því að grjóthreinsa reiðvegina næst hesthúsahverfinu. Nefndin hvetur til allmennrar þátttöku, því þetta er verkefni sem við verðum að vinna sjálf, öll notum við jú reiðvegina.

Eftir því sem fleiri taka þátt í þessu sjálfbóðastarfi verður félagið okkar betra og sterkara og getur gert meira fyrir okkur sem einstaklinga og hóp.

F.h. reiðveganefndar
Skugga
Marteinn Valdimarsson



Frá Umhverfisnefnd:
>Árleg tiltekt verður á félagssvæði Skugga, laugardaginn 02. maí nk. og er áætlað að hittast kl. 10:00 við félagsheimilið Vindási. Félagar hvattir til að mæta!

>Félagar í Skugga eru hvattir til að ganga vel um á áningarstöðum og skilja ekki eftir rusl og tómar drykkjarumbúðir.

Orðsending frá stjórn:

Félagar eru hvattir til að senda upplýsingar um ný- eða breytt heimilis- eða netföng hjá sér á: stefan@bmvalla.is eða arnarmg@simnet.is

Frá framkvæmdastjóra Fjórðungsmóts 2009:**Helstu upplýsingar er varða þátttöku á mótinu.****Gæðingakeppni.**

Félagafjöldi bak við hvern hest, í hverri grein, eru 50 félagar. 51. félagi veitir næsta hesti þátttökurétt fyrir félagið. Ein úrslit verða í gæðingakeppni með 8 hestum (a – flokkur, b – flokkur, barna-, unglíngja- og ungmennaflokkur). Skráningargjald í gæðingakeppni er 4.000 kr. á hest, en frítt í barnaflokki.

Töltkeppni.

Töltkeppni í fullorðingsflokki verður opin 40 hæstu hestum landsins 2008-2009.

Töltkeppni í 17 ára og yngri verður bundin við hestamannafélög á Norð- Vesturlandi. Þarf að skrá í hana óháð félagafjölda. A og B úrslit verða í tölti fullorðinna, og einnig í yngri flokki, með 5 hestum.

Skráningargjald er 5.000 kr. á hest í fullorðingsflokki, 4.000 kr. í yngri flokk.

Fljótandi 100 m skeið.

Opin keppni verður í fljótandi skeiði. Skráningargjald í fljótandi skeið er 5.000 kr.

Ræktunarbúsýningar.

Í ræktunarbúsýningum þarf að skrá 5 hesta frá hverju búi og 2 til vara. Skilyrði er að hrossin séu fædd sama aðila eða á sama bæ og skráður er fyrir sýningunni. Skráningargjald fyrir ræktunarbúsýningu er 50.000 kr.

Síðasti skráningardagur og jafnframt greiðsla skráningargjalda er 15. júní nk.

Frá Beitarnefnd:**Sumar- og haustbeit:**

Félagsmenn í Skugga skulu sækja um beitarhólf fyrir 05. maí nk., til nefndarmanna. Beitarhólfum er einungis úthlutað til skuldlausra félaga. Leigutakar skulu sjá sjálfir um eðlilegt viðhald girðinga og áburðargjöf í hólfum sínum. Sækja skal skriflega um til nefndarmanna, (helst í tölvupósti) og skal gerður skriflegur samningur um leiguna.

Skammtímabeit:

Félagsmenn í Skugga geta nú sótt um skammtímabeit á hesthúsasvæðinu (kringum hesthúsin), til viku, að hámarki, í senn. Bannað er að hafa hestana í þeim hólfum yfir nótt. Fjarlægja verður girðinguna eftir notkun, að öðrum kosti verður hún gerð upptæk. Einnig skal sækja um þetta skriflega til nefndarmanna í Beitarnefnd (helst í tölvupósti).

Beitarnefnd skipa: Ólafur Þorgeirsson, 8996179, dila@simnet.is; Andrés Jóhannsson, 8609030, habbasigga@simnet.is; Sævar Þórisson, 6988929, sthor@simnet.is; Sigurður Örn Sigurðsson, 8621378, sigurdur_orn@hotmail.com; Sæmundur Jónsson, 6969593, sjonss@simnet.is

Frá Kynbótanefnd:

Ennþá er laust fyrir hryssur undir alla hesta Hrossaræktarsambands Vesturlands. Félagar í Skugga eru aðilar að sambandinu. **Þessir hestar verða á vegum sambandsins, sumarið 2009:**

- > Dynur frá Hvammi, staðsettur að Stóru– Fellsöxl, bæði tímabilin, verð kr. 80.000
- > Hrymur frá Hofi, staðsettur að Borgum, fyrra tímabil, verð kr. 65.000
- > Forseti frá Vorsabæ, staðsettur í Hólslandi, fyrra tímabil, verð kr. 80.000
- > Kraftur frá Efri– Þverá, staðsettur að Stóru– Fellsöxl, fyrra tímabil, verð kr. 80.000
- > Blær frá Hesti, staðsettur að Hesti, júlí og ágúst, verð kr. 70.000
- > Þytur frá Skáney, staðsettur í Hólslandi, júlí og ágúst, verð kr. 50.000
- > Fróði frá Staðartungu, staðsettur í Hólslandi, seinna tímabil, verð kr. 110.000

Nánari upplýsingar má finna á: www.hrossvest.is

/JH

Skyndihjálpar-
námskeið Skugga

Skyndihjálparnámskeið verður haldið í félagsheimili Skugga **6 og 7 maí**, nk. kl.20
Kennari verður Ásgeir Sæmundsson og mun hann fara yfir helstu atriði í skyndihjálpar með áherslu á þau atriði sem hestamenn geta lent í t.d beinbot og höfuðáverkar.
Stjórn Skugga hvetur félagsmenn að mæta og auka þekkingu sína í skyndihjálpar. Námskeiðið er frítt fyrir félagsmenn Skugga. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 8962611 Arnar eða í tölvupóst arnarmg@simnet.is

Heimasíða Skugga:

www.skuggi.info

Senda fréttir á:

stefan@bmvalla.is



Ábyrgðarmaður fréttabréfs:
Stefán Logi Haraldsson

Auglýsing:

ÁG-MÓT FAXA



OPNA ÁG - MÓTIÐ 2009

Í reiðhöllinni á Mið-Fossum, laugardaginn 2. maí, kl. 11:00

Opna ÁG æskulýðsmótið í tölti fer fram laugardaginn 2. maí, nk. í reiðhöllinni á Mið-Fossum. Keppt er í hefðbundinni töltkeppni, í barnaflokki, unglingsflokki og ungmennaflokki. Skráning fer fram á netfangið: bjorgm@vesturland.is. Skráningu lýkur sunnudaginn 26. apríl. Skráningargjald er kr. 1.500 fyrir hverja skráningu. Leyfilegt er að skrá fleiri en einn hest til keppni, en komi knapi fleiri en einum hesti á úrslit skal velja einn hest til úrslitakeppninnar. Eignabikarar fyrir fimm efstu sætin í hverjum flokki.

Auglýsing:


Seljaland í
Hörðudal, Dölum

Ábúendur að Seljalandi í Hörðudal, Dalasýslu, taka á móti hestafólki og hestum. Gras - gisting - matur.
Nánari upplýsingar í síma: 894 2194 / 434 1116 eða í netfangi: niels@matvis.is
Níels Sigurður og Ragnheiður.

Stórdansleikur
Faxa og
Skugga, í
reiðhöllinni,
01. maí nk.
Til fjáröflunar
byggingar
reiðhallarinnar.

Hljómsveitin Ingó og Veðurguðirnir spila á stórdansleik í
nýju reiðhöllinni í Borgarnesi, föstudaginn 01. maí nk.

Húsið opnar kl. 22:00



Verð aðgöngumiða er kr. 2.500
Aldurstakmark 16 ára

Fjölmönnum og styrkjum byggingu reiðhallarinnar!
Faxi og Skuggi

